

Ed. 123. Frumvarp til laga [61. mál]

um breyting á lögum nr. 58 8. september 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960)

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin ákveður heilðsöluálagningu á tóbak eftir því, sem henta þykir fyrir hverja tegund.

Tóbak til sauðfjárbaðana og inngjafar sauðfjár við ormaveiki skal selja án hagnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 30 6. maí 1949 eru úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í núgildandi lögum er ákveðin hámarkshundraðstala fyrir álagningu Tóbaks-einkasölu ríkisins. Á hinn bóginn eru engin slík hámarksákvæði í lögum um einkasölu á áfengi. Virðist eðlilegt, að sami háttur sé hafður á um Tóbakseinkasöluna, og er það efni þessa frumvarps.